



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fuglaathuganir á Bíldudalsvegi

Unnið fyrir Vegagerðina

Hafdís Sturlaugsdóttir

NV nr. 02-17
Ágúst 2017

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: Ágúst 2017
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 02-17	Verknúmer: 392	
Heiti skýrslu: Fuglaathuganir á Bíldudalsvegi		Blaðsíður: 15
		Fjöldi viðauka: 0
		Upplag: 15
Höfundur: Hafðís Sturlaugsdóttir		Fjöldi korta: 1
		Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaeintak
Verkefnisstjóri: Hulda Birna Albertsdóttir		Unnið fyrir: Vegagerðina
ÚTDRÁTTUR <p>Fyrirhugaðar eru endurbætur á Bíldudalsvegi frá Bíldudalsflugvelli að vegamótum Vestfjarðarvegjar á Dynjandisheiði, alls um 28,5 km. Fyrirhugaðar eru lagfæringar á núverandi legu vegarins en breytingar á veglínu eru nokkrar. Fuglar voru taldir beggja vegna vegar og við fyrirhugaða veglínu og mat lagt á hvort þeir væru varpfuglar eða ekki.</p> <p>Á rannsóknarsvæðinu við Dynjandisheiðina var gróður ekki mikill, mest mosagróður. Þegar komið er niður í Trostansfjörð er birkikjarr ráðandi þar til kemur niður að sjó. Meðfram ströndinni er graslendi algengasta gróðurlendið en birkikjarr er í austanverðum Fossfirði. Á milli eru svo votlendisblettir, flestir fremur litlir.</p> <p>Hrossagaukur og þúfutittlingur sáust á sex svæðum af sjö sem könnuð voru. Þessar tegundir ásamt skógarþresti voru líka algengustu varpfuglarnir á þeim svæðum sem þeir sáust. Æðarfugl og kríur voru einnig algengir varpfuglar.</p> <p>Grágæs, svartbakur og hrafn, sem eru á valista, sáust á athugunarsvæðinu. Grágæs var í varpi við veglínuna en ekki sást merki um varp hinna fuglanna við veglínu. Straumönd sem er talin í yfirvofandi hættu var líklega með hreiður á rannsóknarsvæðinu.</p> <p>Búsvæði fugla á svæðinu eru nokkuð fjölbreytt þó votlendi sé lítið. Fuglalífið var því nokkuð fjölbreytt á rannsóknarsvæðinu.</p> <p>Framkvæmdin mun hafa tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur en óveruleg áhrif til lengri tíma.</p>		
Lykilorð íslensk: Fuglar, Bíldudalsvegur, Fuglaathuganir		Lykilorð ensk: Bird, Birdcounting, Bíldudalur road.
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af: Hulda Birna Albertsdóttir

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
Efnisyfirlit	3
INNGANGUR	4
STAÐHÆTTIR	4
AÐFERÐIR.....	5
Rannsóknarsvæði.....	5
NIÐURSTÖÐUR.....	6
Svæði 8	6
Svæði 9	7
Svæði 10	8
Svæði 11	8
Svæði 12	10
Svæði 13	10
Svæði 14	11
Yfirlit yfir varpfugla á svæðunum	12
Verndarákvæði	13
UMRÆÐUR.....	13
Vegagerð.....	14
ÞAKKIR	14
HEMILDASKRÁ	15

INNGANGUR

Fyrirhugaðar eru endurbætur á Bíldudalsvegi (63), frá Bíldudalsflugvelli að vegamótum Vestfjarðarvegar á Dynjandisheiði. Fyrirhugaðar eru lagfæringar á núverandi legu vegarins en breytingar á veglínu eru nokkrar. Vegurinn verður færður til í Sunndal og einnig verður vegurinn lagður í fjöru á kafla í Fossfirði. Þá verður vegurinn breikkaður og slitlag lagt á hann til að fullnægja núverandi vegstöðlum.


Að beiðni Vegagerðarinnar gerði Náttúrustofa Vestfjarða athugun á fuglum á þessum hluta Bíldudalsvegar.

Athuganir á varpfuglum á þessu svæði eru ekki margar en þó hefur Náttúrustofa Vestfjarða gert athuganir á fuglum á svæðinu (Böðvar Þórisson 2010, óbirt gögn Náttúrustofunnar).

STAÐHÆTTIR

Rannsóknarsvæðið er nokkuð stórt. Veglínan um Bíldudalsveg að flugvellingum á Hvassnesi er um 28,5 km. Bíldudalsvegur liggur í 450 m hæð við vegamót Vestfjarðarvegar á Dynjandisheiði. Hluti vegarins er og verður í yfir 300 m hæð en þegar komið er niður í Trostansfjörð liggur vegurinn meðfram ströndinni að Bíldudalsflugvelli. Við Dynjandisheiðina var gróður ekki mikill, mest mosagróður. Þegar komið er niður í Trostansfjörð er birkikjarr ráðandi þar til komið niður að sjó. Meðfram ströndinni er graslendi algengasta gróðurlendið en birkikjarr er í Fossfirði austanverðum. Á milli eru svo votlendisblettir flestir fremur litlir.

Rannsóknarsvæðinu var skipt upp í 7 minni svæði sem nefnd eru svæði 8 til 14.



Mynd 1. Skipting framkvæmdarsvæðisins í 7 svæði. Gular línur afmarka svæðin. Númer svæðanna eru föst númer sem Náttúrustofan hefur gefið svæðunum. Kort: NAVÉ/HBA. Veglína: Vegagerðin. Loftmyndagrunnur: Loftmyndir ehf.

Rannsóknarsvæðið við Bíldudalsveg er hluti af stærra rannsóknarsvæði þ.e Dynjandisheiði. Heildar rannsóknarsvæðinu var skipt upp í 14 minni svæði eftir landslagi og búsvæðum en í þessari skýrslu verður fjallað um svæði 8-14 (sjá mynd 1).

AÐFERÐIR

Athuganir voru gerðar á fuglum 17. júní 2016. Einnig voru gerðar athuganir 3. júlí 2015 á Dynjandisheiði. Við gróðurskoðun 9.-10. ágúst voru einnig skráðir niður þeir fuglar sem sáust á svæðinu. Notaðir voru sjónaukar (Pentax 8*42 og fjarlægðarkíkir) og GPS staðsetningartæki.

Fyrirhugaðar breytingar á vegstæðinu eru nokkrar en núverandi vegi var að mestu fylgt eftir við fuglaathuganir. Fuglar voru taldir báðum megin við veginn og mat lagt á hvort þeir væru varpfuglar eða ekki. Töluverður birkigróður er á láglandshluta vegarins en þar voru skráðir fuglar sem heyrðist í eða sáust í skóginum. Þar sem fyrirhuguð veglína víkur verulega frá núverandi veglínu, svo sem í Sunndal, var gengið um svæðið og gerðar punktmælingar. Hlustað var eftir fuglum í 5 mínútur og skráð niður hve langt var í fuglinn frá athuganda. Fuglar sem sáust og/eða heyrðust voru skráðir. Atferli þeirra var skráð þ.e. varpatferli, fæðuleit eða hvort fuglarnir áttu leið um. Hver fugl eða þar með varpatferli taldist standa fyrir eitt varppar (Bibby o.fl. 2000, Buckland o.fl. 2001).

Lýsing á gróðurlendum eru teknar úr skýrslunni „Gróðurathugun á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi“ (Hafðís Sturlaugsdóttir 2017).

Leitað var til Kristins Hauks Skarphéðinssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi upplýsingar um varpstaði og umferð friðaða og sjaldgæfra fugla á rannsóknarsvæðinu.

Rannsóknarsvæði

Tafla 1. Rannsóknarsvæði á Bíldudalsvegi. Veglínan er 28,5 en í svæðisskiptinguna vantar 600 m svæði sem fjallað er um með fuglaathugun á Dynjandisheiði (Hafðís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo, 2017).

Svæði	Leið	Upphaf	Endir	Lengd	Örnefni/heiti
Svæði 8	X	6400	10900	4.500	Gildrunes – Þernudalur
	Tenging við Dufansdal	9500		109	Veglína X –Dufansdalur
	Tenging við botn Dufansdals	9650		160	Veglína X botn – Dufansdals
Svæði 9	X	10900	13500	2.600	Þernudalur – Fossdalur
	Tenging við Foss	12500		114	Veglína X - Foss
Svæði 10	X	13500	16500	3.000	Hrafnskagahlíð
Svæði 11	X	16500	20600	4.100	Reykjarfjörður
	Tenging við Reykjarfjörð	28240		133	Veglína X - Reykjarfjörður
Svæði 12	X	20600	25600	5.000	Sunnnes – Trostansfjörður
	Tenging við Norðdal	25525		160	Trostansfjörður – Norðdalur
	Tenging við Sunndal	25525		175	Trostansfjörður – Sunndalur
Svæði 13	X	25600	28300	2.700	Neðrafell – Trostansfjörður
Svæði 14	X	28300	34300	6.000	Ýsufell – Neðrafell

NIÐURSTÖÐUR

Svæði 8

Á svæðinu frá flugvelli að Dufandalsánni voru mófuglar og einnig æðarfugl í fjörunni. Hrafn sást á flugi en ekki sást laupur frá veginum. Tafla 2 sýnir tegundir og fjölda þeirra á svæði 8 en alls sáust 411 fuglar á þessu svæði. Við útfall Dufandsalsár var mjög mikið af fugli (sjá mynd 1). Fuglinn sat beggja vegna árinna og einnig á ánni alveg við útfallið. Mest bar á hettumáf en einnig voru æðarfuglar, kríur, svartbakur og fýll í nokkru mæli á svæðinu. Nokkur hópur var af æðarkollum með unga. Líklegt má telja að þær hafi verpt við Fossá. Hópur af ungum máfum voru á svæðinu en þeir eru skráðir sem ógreindir máfar. Fiskeldiskvíar eru útaf Dufandsalsá og hugsanlegt er að fjöldi fugla á þessu svæði sé eitthvað því tengdur. Straumendur voru á ánni og stökkandapar. Ekki var mikið fuglalíf út með ströndinni frá Dufandsalsá að Þernudalsá. Svæðið einkennist að mestu að graslendi en í kringum Dufandsalsána var fremur rýrt gróðurlendi. Vestast á svæðinu voru nokkur votlendissvæði.



Mynd 1. Við útfall Dufandsalsár, séð í vestur.

Tafla 2. Svæði 8. Þernudalsá að flugvelli. Mólendi, graslendi og mýri. Um 4,5 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	2		Par
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	100		20 blikar- 80 kollur og ungar
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	1		Á flugi
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicu</i>	3		Par og blik
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	20		Við útfall Dufandsalsár
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	2	1	bíar
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	1	Hneggjandi
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	2	1	Á flugi og vellur
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	5	2	syngur
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	19		Við útfall Dufandsalsár
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	185		Við útfall Dufandsalsár
Ógreindir máfar	<i>Larus ssp.</i>	29		Við útfall Dufandsalsár
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	40		Við útfall Dufandsalsár
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1		Á flugi
Samtals		411	5	

Svæði 9

Við botn Fossfjarðar var mjög mikið fuglalíf. Meðfram fjörunni voru nokkuð margar æðarkollur með frá einum og upp í 8 unga. Þrjú tjaldapör með 3, 3 og 1 unga sáust á þessu svæði. Við útfall Fossár að vestanverðu er afgirt æðarvarp. Þó nokkuð af æðarfugli lá á eggjum í og við æðarvarpið og sást grágæs á hreiðri. Þar og á túni ofan vegar var mikið kríuvarp. Flestar lágu á eða voru á flugi. Mjög erfitt var að átta sig á fjölda æðarfugla sem lágu á og einnig þeirra kría sem voru með hreiður á svæðinu, þar sem gras var orðið hátt. Í töflu 3 var því fjöldinn táknaður með X. Núverandi vegur liggur efst á fjörukambinum frá Fossá og að Þernudalsá og við veginn verpa bæði kríur og æðarfuglar í kantinum beggja megin vegar (sjá mynd 2).



Mynd 2. Kría á hreiðri í Fossfirði, rétt við veginn.

Tafla 3. Svæði 9. Botn Fossfjarðar og Þernudalur. Birki/mólendi/tún/fjara. Um 2,6 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Grágæs	<i>Anser anser</i>	8	2	Á beit á nýrækt og á hreiðri
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	2	1	Par við Fossá
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	X	X	Meðfram fjöru og á hreiðrum
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicu</i>	3	(1)	3 blikar við Fossá
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	22	3	3 pör með unga og geldfugl í fjöru
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	3	2	Tvær á hreiðri
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	3		Í fjörunni við Fossá
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	2		Við útfall Þverdalár
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	X	X	Í varpi og á flugi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	10	7	Í skógi og við fossinn
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	4	2	Við Fossinn
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	30	17	Í skógi og við fossinn
Samtals		87+X	35	

Svæði 10

Inn með Fossfirði var gerð punkttalning frá vegi. Teknir voru 8 punktar og talið í hve mörgum fuglum heyrðist í 5 mínútur á hverjum stað. Á þessu svæði var birkikjarr ráðandi bæði ofan vegar og að hluta til neðan vegar. Mest var af skógarþresti og þúfutittlingi. Einnig heyrðist í músarrindli í skóginum. Í fjörunni voru fuglar í ætisleit. Alls voru skráðar 14 tegundir en tafla 4 sýnir niðurstöðurnar nánar.

Tafla 4. Svæði 10. Birkikjarr ofan vegar og að hluta neðan. Punkttalning 8 punktar.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	4		Í fjöru 3 blikar og 1 kolla
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	2		Á flugi
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	3		Þögull í fjöru
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	3	2	2 hneggjandi – 1 kallandi
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	2		Þögull í fjöru
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>	1		Á sjó
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	6		Á flugi og í fjöru
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	4		Á flugi
Teista	<i>Cephus grylle</i>	2		Á sjó
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	64	41	Flestir syngjandi í skógi
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	10	6	Syngjandi
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	2	2	Með æti
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	98	62	Flestir syngjandi í skógi
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	2	1	Syngjandi
Samtals		203	113	

Svæði 11

Í Reykjarfirði er graslendi mest áberandi en mýrlendi var á kafla sérstaklega að vestanverðu í firðinum. Fjara var þegar fuglar voru taldir á þessum stað og var stór hópur fugla á leirunum í fæðuleit í botni fjarðarins (sjá mynd 3). Nokkuð varp var í botni fjarðarins en þar sáust kríur, æðarkollur, maríuerla og tjaldur á hreiðri. Á mýrlendi við vestanverðan Reykjarfjörð voru heiðlóur, hrossagaukur og stelkar. Tafla 5 sýnir niðurstöður úr talningu á fuglum í júní en í ágúst sáust tvær álfir (*Cygnus cygnus*) í Reykjarfirði og eru þær hafðar með í töflunni.



Mynd 3. Leirur í botni Reykjarfjarðar.

Tafla 5. Svæði 11. Reykjarfjörður. 4,1 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	2		Á Reykjarfirði í ágúst
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	4		Par og tveir blikar
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	104	6	Blikar og 6 kollur m. 14 unga
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2		Á sjó
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	1	1	Ropar
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	6		Á sjó
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	7	1	Í fæðuleit á leirum og á hreiðri
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	7	3	4 bía – 3 standa á þúfu
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	4	2	3 hneggja
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	5	1	Á leirum og í mýri
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	4		Á leirum
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	21		Á leirum
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	25	8	5 á hreiðri – hinar flestar á flugi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	10	7	8 syngja
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	2	1	Líklega varppar við hús
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	1	1	Með æti
Samtals		170	31	

Svæði 12

Svæði 12 liggur meðfram ströndinni frá Sunnesi og að árósum Sunndalsár en þar eru bæði fuglar sem finnast við sjó og einnig inn til landsins. Mest var af fýl sem verpir í klettum ofan núverandi vegar. Ekki var reynt að telja fjölda fýla í varpi á þessu svæði þar sem það var ofan við áhrifasvæði vegarins (fjöldinn táknaður með X í töflu 6). Teista var út á sjó í hóp og ekki gert ráð fyrir að þetta hafi verið varpfuglar. Tjaldur, stelkur, sandlóa og hrossagaukur voru innan við fjörurif í lóni sem myndast ofan við útfall Sunndalsár. Tafla 6 sýnir fugla sem sáust við skoðun á þessu svæði í júní 2016.

Tafla 6. Svæði 12. Graslendi, fjara og útfall Sunndalsár.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	X		Varp í klettum
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	4	1	Kolla með 3 unga
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	1		Einn við Sunndalsáanna
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	4	(1)	Ein varpleg
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	1	Við mýri
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	4	2	Líklega hreiðurfugl
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	3	1	Á flugi í fjöru
Teista	<i>Cephus grylle</i>	9		Á sjó
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	2	1	Syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	3	1	Syngjandi við kjarr
Samtals		28+X	7	

Svæði 13

Á svæði 13, sem nær frá Sunndalsá að Neðrafelli, var birkikjarr nokkuð þétt á köflum en á milli voru mosaholt með smárunnum. Mjög mikið heyrðist í skógarþröstum í skóginum en erfitt var að sjá þá. Þúfutittlingar voru bæði í skóginum og einnig í rjóðrum þar á milli. Það heyrðist í músarindlum en hann sást ekki. Tafla 7 sýnir punkttalningu frá júní 2016. Í ágúst sama ár sáust og heyrðist í sömu tegundum á þessu svæði.

Tafla 7. Svæði 13. Birkikjarr og mosaholt á milli, 2,7 km langt snið.


Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	4	3	2 syngjandi og 2 hneggjandi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	12	10	Flestir syngjandi
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	5	3	Syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	34	21	Flestir syngjandi
Samtals		50	37	

Svæði 14

Svæðið 14 náði frá Neðrafelli að vegamótum Vestfjarðarvegar á Dynjandisheiði. Svæðið er í 200 – 450 m hæð yfir sjó. Gróður var ekki mikill á þessu svæði, aðallega melar, grjót og mosapemba (sjá mynd 4). Meðfram Norðdalsá voru grös og starir. Algengasti fuglinn var þúfutittlingur og svo steindepill. Steindepill og þúfutittlingur sáust með æti. Í júní sáust tvær rjúpur á þessu svæði og í ágúst sást rjúpa með 8 stálpaða unga rétt við vegamót Vestfjarðarvegar við Dynjandisheiðina. Tafla 8 sýnir punkttalningar fugla á svæðinu sem voru gerðar í júní 2016.

Tafla 8. Fuglar á svæði 14. Mosi og rýrt mólendi, 6,0 km langur kafli.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðöl	Lýsing
Rjúpa	Lagopus mutus	2	1	Flugu upp (9 sáust í ágúst)
Heiðlóa	Pluvialis apricaria	3	2	bíar
Hrossagaukur	Gallinago gallinago	1	1	Hneggjandi
Þúfutittlingur	Anthus pratensis	12	8	2 með æti, flestir aðrir syngjandi
Steindepill	Oenanthe oenanthe	10	7	4 með æti, hinir syngjandi
Samtals fjöldi		28	19	



Mynd 4. Mosi með smárunnum á svæði 8.

Yfirlit yfir varpfugla á svæðunum

Hrossagaukur og þúfutittlingur sáust á sex svæðum af sjö sem könnuð voru (tafla 9). Þessar tegundir ásamt skógarþresti voru líka algengustu varpfuglarnir á þeim svæðum sem þeir sáust. Æðarfugl og kríur voru einnig algengir meðfram fjörunni og sáust á fimm svæðum. Stelkur sást einnig á fimm svæðum. Steindepill og heiðlóa sáust á þremur svæðum í varpi. Rjúpa sjást einnig á þremur svæðum en staðfest varp var á tveimur svæðum. Músarrindill sást í birnikjarri bæði á svæði 9 og 12. Fýll var í varpi í klettum á svæði 10. Einnig sáust fýlar á tveimur öðrum svæðum. Svartbakur og hettumáfur voru talsverðum fjölda á einu svæði en hettumáfur sást einnig á tveimur öðrum svæðum. Ekki sáust merki þess að þessir fuglar væru í varpi á svæðinu en stór hópur ungra máfa (á fyrsta og/eða öðru ári) var einnig á svæði 14. Tafla 9 sýnir tegundir eftir svæðum og hvort þeir hafi verið líklegir varpfuglar eða einungis átt leið um svæðið.

Tafla 9. Svæðaskipting og staða varpfugla innan hvers svæðis. Við hverja tegund er merkt „X“ ef hún er varpfugl en „(X)“ ef hann er hugsanlega varpfugl. Fuglar sem sáust þegar þeir áttu leið um svæðið t.d. í fæðuleit eru merktir með U.

Tegund ísl.	Svæði (töflur 2-8)						
	8	9	10	11	12	13	14
Álft				U			
Grágæs		X					
Stokkönd	U	X		U			
Æður	U	X	U	X	X		
Straumönd	U	(X)					
Toppönd	U			U			
Rjúpa			U	X			X
Fýll	U			U	X		
Tjaldur		X	U	X	U		
Sandlóa		X			(X)		
Heiðlóa	X			X			X
Hrossagaukur	X		X	X	X	X	X
Spói	X						
Stelkur	X	U	U	X	X		
Kjóí			U				
Sílamáfur		U					
Svartbakur	U			U			
Hettumáfur	U		U	U			
Ógr. Máfur	U						
Kría	U	X	U	X	X		
Teista			U		U		
Þúfutittlingur		X	X	X	X	X	X
Músarrindill			X			X	
Maríuerla		X		X			
Steindepill			X	X			X
Skógarþröstur		X	X		X	X	
Hrafn	U						
Snjótittlingur			X				
Samtals varpteg.	4	10	6	10	8	4	5

Verndarákvæði

Náttúrufræðistofnun Íslands gefur út valista um fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2000). Af þeim lista sáust eftirtaldar tegundir á framkvæmdarsvæðinu:

Tegundir í yfirvofandi hættu (VU):

Grágæs, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.

Grágæs var í varpi við æðarvarp á svæðinu.

Hrafn, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.

Hrafn sást á yfirflugi á svæði 14. Leitað var sérstaklega eftir hrafnslaupum en þeir fundust ekki.

Svartbakur, hefur fækkað.

Svartbakarnir sem sáust, voru líklega í fæðuleit.

Tegundir í nokkurri hættu (LR):

Straumönd. Háð vernd.

Straumendur sáust á tveimur svæðum, líklega í varpi á svæði 13.

UMRÆÐUR

Athugunarsvæðið er fjölbreytt og nær frá sjávarmáli og í 450 m hæð. Algengasta búsvæðið er graslendi en einnig er birkikjarr algengt. Í mosabembu efst á rannsóknarsvæðinu voru þúfutittlingur og steindepill algengustu varpfuglarnir. Í birkikjarrinu í Sunndal og í Fossfirði voru þúfutittlingar, skógarprestir og hrossagaukar algengastir. Músarindill sást ekki á svæðinu en það heyrðist í honum. Líklegt má telja að hann sé varpfugl á svæðinu enda birkiskógar hans aðalbúsvæði.

Votlendi var ekki mikið á rannsóknarsvæðinu. Mýrlendi var í Reykjarfirði en þar voru heiðlóur, hrossagaukar og stelkar algengastir.

Við bæinn Foss var mjög mikið fuglalíf. Þar var æðarvarp og í kringum það var mikið fuglalíf. Þar verptu líklega um 10 tegundir fugla. Langalgengasti fuglinn var æðarfugl og svo kría. Æðarfugl var einnig algengur meðfram ströndinni meira og minna.

Fuglalíf við Sunndalsána var áberandi lítið. Miðað við búsvæði þ.e. votlendi og tjörnum út frá ánni, hefði mátt ætla að þar væri mun meira fuglalíf. Hugsanlegt er að ófriður hafi verið á þessu svæði frá mink eða ref.

Grágæs og hrafn sem eru á valista sáust á athugunarsvæðinu. Einnig sást straumönd sem er talin í yfirvofandi hættu samkvæmt valista. Grágæs sást á hreiðri í æðarvarpinu við Foss. Á sama svæði var straumönd líklega á hreiðri. Hrafnslapur sást ekki á athugunarsvæðinu.

Fuglaskoðun var gerð 17. júní 2016. Þá er liðinn sá tími sem umferðafuglar nota á Íslandi. Umferðafuglar eru t.d. rauðbrystingur, sanderla og tildra. Náttúrustofa Vestfjarða hefur fylgst með umferðafuglum sem fara um þessi svæði. 21. maí 2015 var áætlað að í Reykjarfirði væru um 2.000 rauðbrystingar (*Calidris canutus*) á leirum í fæðuleit. Í maí árið 2011 var áætlað að það væru 500 rauðbrystingar í Reykjarfirði en út af Dufansdal voru taldir 106 fuglar (Náttúrustofa Vestfjarða óbirt gögn). Áætlað var að um 0,25% af þeim rauðbrystingum sem fara um hér á landi nýti svæðið í Reykjarfirði til fæðuöflunar (Guðmundur A. Guðmundsson 2009).

Fuglalífið á athugunarsvæðinu svipar til þess sem skráð var við Bíldudalsvog (Böðvar Þórisson 2010). Aðstæður eru svipaðar í Reykjarfirði með skjól hárra og brattra fjalla. Algengustu fuglategundirnar á athugunarsvæðinu eru algengar á Vestfjörðum og um land allt.

Vegagerð

Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á veglínu á þessu svæði. Helstu breytingar verða á veglínu frá Efrafelli niður í Sunndal. Einnig er gert ráð fyrir breytingu á veglínu í botni Reykjarfjarðar og í Fossfirði.

Framkvæmdin mun hafa áhrif á skógarþróst, þúfutittling og hrossagauk sem verpa á svæðum í Sunndal og í Fossfirði sem raskast vegna vegagerðar. Einnig hefur framkvæmdin áhrif á fæðusvæði umferðarfugla s.s. rauðbrysting í botni Reykjarfjarða þar sem veglínar þverar leirur. Æðarvarp við bæinn Foss gæti einnig orðið fyrir einhverjum áhrifum.

Grágæs og straumönd, sem eru á valista, voru í varpi á svæðinu. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á varp þeirra.

Ekki er talið að vegagerð muni hafa áhrif á varpstaði eða umferð friðaðra eða sjaldgæfra fugla á rannsóknarsvæðinu.

Framkvæmdin mun hafa tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur en óveruleg áhrif til lengri tíma.

ÞAKKIR

Böðvar Þórisson fær þakkir fyrir aðstoð við skýrslugerð.

HEMILDASKRÁ

Bibby, C.J., Burgess, D.A. Hill og S.H. Mustoe 2000. *Bird census techniques*. Academic Press, London og New York.

Buckland, S.T., D.R. Anderson, K.P. Burnham, J.L. Laake, D.L. Borchers og L. Thomas 2001. *Introduction to Distance Sampling – Estimating abundance of biological population*. Oxford University Press, Oxford.

Böðvar Þórisson 2010. *Athugun á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 18-10. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Guðmundur A. Guðmundsson. *Fargestir á Íslandi*. Bliki 30, Tímarit um fugla, nóvember 2009.

Hafdís Sturlaugsdóttir 2017. *Fuglaathugun á Dynjandisheiði*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 05-17. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Hafdís Sturlaugsdóttir 2017. *Gróðurathugun á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 04-17. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Náttúrufræðistofnun 2000. *Válisti 2 – Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.